

## Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2016, mánudaginn 24. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Gunnari Guðmundssyni og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 8/2016:  
Knattspyrnudeild Þórs Akureyri, kt. 670991-2109  
gegn  
ÍBV, íþróttafélag, kt. 680197-2029

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR:

#### I.

##### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Þórs Akureyri,  
kt. 670991-2109  
Skarðshlíð v. Hamar  
Fyrirsvarsmaður: Aðalsteinn I. Pálsson

##### **Kærði:**

ÍBV íþróttafélag knattspyrnudeild  
kt. 680197-2029  
Týsheimilið, Vestmannaeyjum  
Fyrirsvarsmaður: Óskar Jósúason

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 30. september 2016. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi þann 3. október 2016. Greinargerð barst frá kærða þann 10. október 2016.

##### **Kröfur:**

Kröfur kæranda eru að Þór verði dæmdur 3-0 sigur í leik Þórs gegn ÍBV/KFS/KFR er fram fór þann 27. september 2016 í Íslandsmóti 2. flokks karla.

Kærði kveður kæru ekki eiga sér stoðir vegna þess að hún byggir á kæru nr. 7.

## II.

### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik liðanna sem fór fram þann 27. september 2016 í Íslandsmóti 2. flokks karla, hafi leikmaður kærða, Tómas Aron Kjartansson, átt að vera í leikbanni, eftir að hafa fengið tvö gul spjöld í leik liðanna 26. september 2016.

Kærandi kærði einnig leik liðanna sem fram fór 26. september 2016, mál nr. 7/2016, því Tómasi Aroni var ekki vísað af leikvelli í leiknum.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til 5. gr. knattspyrnulaga 2016-2017

## III.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst svar frá félaginu þann 10. október sl.

Í sameiginlegri greinargerð fyrir bæði málin kemur fram, að kærði hafnar fyrri kærinni, því eigi síðari kærnan sér ekki stöðir vegna þess að hún byggir á fyrri kærinni.

## IV.

### Niðurstaða:

Kröfugerð kæranda byggir á því að leikmaður kærða, Tómas Aron Kjartansson, hafi átt að vera í leikbanni, eftir að hafa fengið tvö gul spjöld í leik liðanna 26. september 2016. Því hafi lið kærða verið ólöglega skipað í leik liðanna sem fram fór 27. september 2016 í Íslandsmóti 2. flokks karla. Á þeim grundvelli er þess krafist að kæranda verði dæmdur 0-3 sigur í leiknum.

Í málinu liggur fyrir úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 7/2016, þar sem kröfu kæranda í málinu er hafnað. Í niðurstöðu úrskurðarins kemur fram, að undir rekstri málsins hafi komið fram skýring frá dómara leiksins um að tveir leikmanna kærða hafi leikið í treyju nr. 20 í leik liðanna vegna búningavandamála hjá kærða. Hafi dómari verið upplýstur um það fyrir leikinn og ekki gert athugasemd vegna þessa. Til viðbótar sé ljóst samkvæmt ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál að aga- og úrskurðarnefnd sé ekki heimilt að endurskoða ákvarðanir sem dómari tekur á meðan leik stendur. Á þessum grundvelli er kröfu kæranda hafnað í máli nr. 7/2016.

Með vísan til þess að umræddur leikmaður kærða var ekki í leikbanni í leik liðanna, sem fram fór 27. september 2016, er kröfu kæranda hafnað.

**V.**

**Um fresti vegna áfrýjunar:**

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

**VI.**

**Úrskurðarorð:**

Kröfu kæranda í málinu er hafnað. Úrslit í leik Þórs og ÍBV/KFS/KFR í Íslandsmóti 2. flokks karla sem fram fór á Ásvelli þann 27. september 2016 standa óbreytt.

---

Halldór Frímansson [sign]

---

Gunnar Guðmundsson [sign]

---

Pröstur Ríkharðsson [sign]